

## Lykilupplýsingar

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Samkvæmt lögum skulu upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu.

## Markmið og fjárfestingarstefna

### Markmið

Markmið sjóðsins er að hámarka ávöxtun hlutdeildarskírteinis-hafa með því að fjárfesta í stuttum verðbréfum, skuldabréfum, víxlum og öðrum skuldaviðurkenningum í íslenskum krónum útgefnum af íslenska ríkinu og innlánum fjármálafyrirtækja.

### Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn má fjárfesta í ofangreindum verðbréfum þar sem hver fjárfesting má ekki vera með gjalddaga lengra en 13 mánuði fram í tímann frá fjárfestingu.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda þeirra í samræmi við reglur hans. Innlausnargengi er reiknað daglega. Athygli er vakin á því að við sérstakar aðstæður kann innlausn að verða frestað.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins er endurfjárfest.

**Ráðlegging: sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan 3 mánaða.**

## Áhætta og ávöxtun



1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

### Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir

- Sjóðurinn fellur í flokk 1 þar sem gengi hluta hans hefur verið háð litlum breytingum. Í samræmi við það getur tapsáhætta og möguleikar til ávöxtunar verið lítil.
- Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspeglar framtíðaráhættusnið sjóðsins.
- Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokkunin að breytast með tímanum.
- Lægsti flokkur áhættu þýðir ekki áhættulausa fjárfestingu.
- Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.

### Frekari upplýsingar um áhættu

Frekari upplýsingar um áhættu sjóðsins er að finna í útboðslýsingu hans sem liggur frammi á starfsstöð félagsins og á [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is)

## Gjöld fyrir þennan sjóð

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu

Gjald við kaup 0%

Gjald við sölu 0%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu.

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli


Viðvarandi gjöld 0,76%

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður

Árangurstengd þóknun Engin

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

## Fyrri árangur



Ávöxtun í fortíð er ekki áreiðanleg vísending um ávöxtun í framtíð.

Við útreikning er tekið tillit til gjalda og þóknana.

Sjóðurinn er stofnaður árið 2009.

Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

## Hagnýtar upplýsingar

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf.

Frekari upplýsingar um sjóðinn, eintök af útboðslýsingu hans, ársreikning og árshlutareikning, á íslensku, eru fáanleg án endurgjalds á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is). Þar er jafnframt að finna gengi sjóðsins.

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskrteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi, samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996. Fjárfestum er

bent á að skattalöggjöf heimaríkis þeirra kann að hafa áhrif á skattalega stöðu þeirra.

Stefnir hf. ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar verðbréfasjóðsins.

Hlutdeildarskrteini sjóðsins eru aðeins gefin út í einum flokki.